



### Tilkynning til gesta Ögri

Við könnun á neysluvatni þann 25 júlí fundust saurgerlar (*E.coli*) í neysluvatninu. Sem varúðarráðstöfun er fólki ráðlagt að sjóða drykkjarvatnið.

f.h. heilbrigðisnefndar

Anton Helgason  
heilbrigðisfulltrúi

# HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

Bolungarvík 28. júlí 2017

Ögur Travel  
Guðmundur Halldórsson  
Ögri  
401 Ísafjörður

## Vatnssýni Ögri

Sýni af neysluvatni Ögri var tekið til rannsókna þann 25. júlí síðastliðinn úr krana í eldhúsi.

Sýnið reyndist ekki í lagi og **stóðst ekki gæðakröfur** skv. reglugerð nr. 536/01. vegna kólí og saurkólí gerla. Því þarf að vara gesti við og till kynna um vatnssuðu. Setja þarf upp tilkynningu á þeim stöðum þar sem gestir geta nálgast drykkjarvatn.

Meðfylgjandi er úrdráttur úr neysluvatnsreglugerð, þar sem skýrð eru viðbrögð við ónothæfu neysluvatni. Neysluvatnsmál Ögri hafa undanfarin ár ekki verið í lagi 2016 voru tekin tvö sýni í Ögri og Ögri 2 bæði sýnin stóðust ekki kröfur vegna gerlafjölda við 22°C 2013 var tekið sýni sem stóðst ekki kröfur vegna E.coli gerla. Skoða þarf vatnból vandlega og athuga hvort yfirborðsvatn kemst í vatnsbólið. Vatnssýnataka verður endurtekin í vikunni.

Mjög mikilvægt er að innra eftirlit vatnsveitunnar sé alltaf virkt.

Með kveðju,



Anton Helgason  
Heilbrigðisfulltrúi

Í reglugerð 536/2001 um neysluvatn segir

2.gr

Markmið

Markmið þessarar reglugerðar er að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint.

og

14. gr

Viðbrögð við menguðu neysluvatni.

Rannsóknahættir í viðauka I eru flokkaðir í flokka A, B og C eftir því til hvaða aðgerða ber að grípa ef gildi mælist hærra en hámarksgildi viðkomandi þátta.

Mælist gildi yfir hámarksgildi fyrir framangreinda flokka skal gripið til eftirfarandi aðgerða:

**Flokkur A:**

Gripið skal til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að endurheimta vatnsgæðin. Heilbrigðisnefnd skal í samráði við Hollustuvernd ríkisins banna dreifingu eða notkun neysluvatnsins, nema eftir nauðsynlegar aðgerðir til verndar heilsu manna. Heilbrigðisnefnd skal tafarlaust veita neytendum upplýsingar og ráðgjöf.

**Flokkur B:**

Gripið skal til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að endurheimta vatnsgæðin. Skulu aðgerðir ráðast af því hve mikið greining er yfir hámarksgildi og þeirri hættu sem heilsu manna er búin. Taki heilbrigðisnefnd í samráði við Hollustuvernd ríkisins þá ákvörðun að banna dreifingu neysluvatnsins eða takmarka notkun skal það gert með hliðsjón af þeirri hættu sem það kann að skapa. Í slíkum tilvikum skulu neytendum tafarlaust veittar upplýsingar og nauðsynleg ráðgjöf.

**Flokkur C:**

Heilbrigðisnefnd skal í samráði við Hollustuvernd ríkisins meta hvort heilsu manna er hættu búin. Heilbrigðisnefnd ber að grípa til aðgerða til að endurheimta vatnsgæðin. Neytendum skal tilkynnt um aðgerðir nema um óverulegt frávik sé að ræða.

Viðauki I: Reglubundið eftirlit

| RANNSÓKNAÞÁTTUR             | HÁMARKSGILDI            | FLOKKUN | ATHUGASEMDIR |
|-----------------------------|-------------------------|---------|--------------|
| Heildargerlafjöldi við 22°C | Engin óeðlileg breyting | C       |              |
| Kólígerlar                  | 0/100 ml                | C       |              |
| Escherichia coli (E. Coli)  | 0/100 ml                | A       |              |